



Dómsmálaráðuneytið

Reykjavík 7. desember 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um ráðgjöf, sáttameðferð og samtal að frumkvæði barns á grundvelli barnalaga

Vísað er í drög að reglugerð um ráðgjöf, sáttameðferð og samtal að frumkvæði barns á grundvelli barnalaga sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda þann 25. nóvember sl.

Umboðsmaður barna fagnar drögunum og þá sérstaklega samtali að frumkvæði barns en áréttar að afar mikilvægt er kynna úrræðið fyrir börnum svo að úrræðið standi börnum raunverulega til boða. Umboðsmaður hefur lagt áherslu á að taka eigi ákvarðanir er varða velferð barna út frá forsendum þeirra og jafnframt að styrkja þurfi rétt barna til að tjá afstöðu sína í málum af þessum toga en drögin eru mikilvægur þáttur í því að ná því fram.

Í 2. gr. draganna er að finna skilgreiningu á sérfræðingi í málefnum barna og tekið fram að hann þurfi að hafa „þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra“. Umboðsmaður barna leggur til að bætt verði við „þekkingu á þörfum og réttindum barna“ til að leggja áherslu á mikilvægi sjálfstæðra réttinda barna í ferlinu.

Í 14. gr. draganna er sérstaklega komið inn á stöðu barns við sáttameðferð foreldra þess. Þar er barni *eftir atvikum* gefinn kostur á að tjá sig við sáttameðferð. Einnig tekur sáttamaður ákvörðun að höfðu samráði við foreldra, um *hvort* og hvenær gefa skuli barni kost á að tjá sig við sáttameðferð. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, á barn alltaf skýlausan rétt á að tjá sig um málefni sem það varðar og ber stjórnvöldum að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess. Ekki er um valkvæðan rétt að ræða sem hægt er að hundska heldur ber ávallt að veita barni tækifæri til þess að tjá sig. Hins vegar getur barn alltaf ákveðið að það vilji ekki tjá sig um málið og líkt og fram kemur í greininni ber þá að virða það. Þá skal veita skoðunum barnsins aukið vægi eftir aldri og þroska þess. Samkvæmt sömu grein getur sáttamaður ákveðið að ræða við barn í einrúmi eða að foreldrum eða öðrum viðstöddum. Að mati umboðsmanns ætti einnig að taka það skýrt fram að ef barn óskar sérstaklega eftir því að ræða við sáttamann án aðkomu foreldra beri sáttamanni að virða það. Þá fagnar umboðsmaður barna því að viðtöl skv. ákvæðinu eru ekki háð samþykki foreldra enda afar mikilvægt að foreldri geti ekki komið í veg fyrir að barn tjái sig um málið líkt og það á rétt á.

Í 26. gr. draganna kemur fram að áður en foreldrar eru boðaðir til samtals skuli *að jafnaði* gefa barni kost á undirbúningsviðtali. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að öllum börnum sé

boðið upp á undirbúningsviðtal hvort sem þau ákveði að taka því eða ekki. Þannig er jafnræði tryggt við framkvæmd viðtalanna og því lagt til að tekið verði út „að jafnaði“. Þá er sérstaklega kveðið á um að barn geti einnig valið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með öðrum hætti en í viðtali og er að mati umboðsmanns jákvætt að það sé kveðið á um þann möguleika þar sem börn tjá sig með mismunandi hætti. Einnig er jákvætt að sérstaklega eigi að tilkynna barni um málalok til að halda því upplýstu.

Að lokum vill umboðsmaður benda á mikilvægi þess að þegar um er að ræða fötluð börn þá þurfi sérfræðingur í málefnum barna og sáttamaður að hafa góða þekkingu á þörfum, réttindum og aðstæðum þeirra og leita leiða til að þau hafi raunverulegt tækifæri á að tjá sig með fullnægjandi hætti líkt og Barnasáttmálinn gerir kröfu um. Þá hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sérstaklega tekið fram að stjórnvöldum er skylt að veita fötluðu barni aðstoð eða sérstakan stuðning við að tjá sig þannig að það geti sem best komið skoðunum sínum á framfæri.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna